



13. desember 2023

Minnisblað

Frekari breytingartillögur fjármála- og efnahagsráðuneytisins á frumvarpi til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða.

Þann 12. desember sl. sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið minnisblað til efnahags- og viðskiptanefndar vegna þeirra innsendu umsagna sem ráðuneytinu þótti tilefni til að bregðast sérstaklega við. Í minnisblaðinu var auk þess að finna breytingartillögur ráðuneytisins vegna einstakra ákvæði í frumvarpinu.

Eftir frekari skoðun ráðuneytisins á gjalddaga fyrirframgreiðslu kílómetragjaldsins og skoðun á tæknilegri útfærslu innheimtunnar sem slíkrar, (7. mgr. 9. gr. og bráðabirgðaákvæði nr. II), telur ráðuneytið brýnt að gerðar verði breytingar á gjalddaga fyrirframgreiðslu kílómetragjaldsins, þannig að gjalddaginn verði 1. dag næsta mánaðar og eindaginn 14 dögum síðar, í stað þess að gjalddagi fyrirframgreiðslunnar sé fyrsti dagur hvers mánaðar og eindagi 14 dögum síðar.

Með slíkri breytingu verður skýrt að fyrirframgreiðslan sem greidd er upp í álagningu kílómetragjaldsins muni eiga sér stað eftir á vegna áætlaðs meðalaksturs sem á sér stað á nýliðnu gjaldtímabili. Sem dæmi má nefna að gjalddagi fyrirframgreiðslu vegna janúar 2024 verður þá **1. febrúar 2024** í stað 1. janúar 2024 og eindagi 14 dögum síðar. Ráðuneytið telur **nauðsynlegt** þessi breyting verði gerð á frumvarpinu. Telja verður að slík innheimta sé mun eðlilegri í ljósi þess að gjaldskyldur aðili greiðir þá vegna aksturs í mánuðinum á undan en ekki fyrirfram upp í væntanlegan akstur út mánuðinn. Auk þess mun breytingin einfalda innleiðingu kílómetragjaldsins eftir áramótin og auka svigrúm allra aðila til þess að bregðast við þeim áskorunum sem fylgja innleiðingu á nýju kílómetragjaldi frá og með 1. janúar 2024.

Vegna þessa telur ráðuneytið þörf á að gerðar verði breytingar á **7. mgr. 9. gr.** frumvarpsins þar sem fjallað er um gjalddaga áætlunar á meðalakstri og fyrirframgreiðslu. Auk þess er nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á **bráðabirgðaákvæði nr. II** þar sem fjallað er um meðalakstur bifreiðar fyrir fyrsta gjaldtímabil ársins 2024 og gjalddaga fyrirframgreiðslu fyrsta gjaldtímabilsins.

Hér á eftir er að finna breytingartillögur ráðuneytisins í ljósi ofangreindra tillagna að breytingum:

Breytingartillögur ráðuneytisins:

Eftirfarandi breytingar verða á 7. mgr. 9. gr. frumvarpsins:

Í stað orðsins „hvers“ í 7. mgr. 9. gr. komi „næsta“.

Skýring: Með breytingunni verður skýrt að gjalddagi fyrirframgreiðslu kílómetragjalds verður 1. dagur næsta mánaðar eftir lok gjaldtímabils og eindagi 14 dögum síðar.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða nr. II:

- *Í stað „1. janúar 2024“ í 1. og 5. mgr. komi: „1. febrúar 2024“.*

Skýring: Með breytingunni verður skýrt að gjalddagi fyrsta gjaldtímabils ársins 2024, þ.e. janúar 2024, verður **1. febrúar 2024** en ekki 1. janúar 2024. Ríkisskattstjóri skal þá gera áætlun um meðalakstur bifreiðar vegna fyrsta gjaldtímabils ársins 2024 og birta hana í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda fyrir **1. febrúar 2024**.

Ekki er lagt til að gerðar verði breytingar á skráningu á stöðu akstursmælis gjaldskyldrar bifreiðar samkvæmt bráðabirgðaákvæði I, sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað fyrir 20. janúar 2024. Vegna þess er ekki þörf á að gerðar verði breytingar á 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða nr. II í frumvarpinu.